

— Brjef landshöfðingja til biskups um endurborgun á kirkjuskuld. — Að fengn- 7
um tillögum hjeradsfundarins í Suðurmúla prófastsdæmi samþykktist hjer með, að erf- 21. jan.
ingjum síra Sigurðar heitins Gunnarssonar verði greiddar upp í 589 kr. 30 a. skuld
Hallormsstaðakirkju 30 kr. árlega af hreinum tekjum hennar um næstu 10 ár frá far-
dögum 1882 eða alls 300 kr., ef kirkjan stendur svo lengi; en annars þeim mun minna,
sem kirkjan verður fyrir lögð niður.

Þetta er tjáð yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafana.

— Brjef landshöfðingja til biskups um að leggja niður kirkju. — Eptir að 8
Blöndudalshólasókn hefir verið sameinuð Bergsstaðabrauði frá næstlíðnum fardögum 23. jan.
samkvæmt 1. gr. tölulíð 103. í lögum 27. febr. 1880, hafið þjer, herra biskup, með
brjefi dags. 10. þ. m., sent mjer bænarskrá frá sóknarbændum Blöndudalshóla-
kirkju, og hafið þjer tekið fram, að hjeradsfundur Húnavatnsprófastsdæmis hafi með miklum at-
kvæðamun fallizt á, að leggja niður nefnda kirkju, og í einu hljóði á: «að hinir svo
nefndu Bugsbæir fyrir vestan Blöndu leggist til Svínavatnssóknar, en bæirnir fyrir
framan Blöndudalshóla leggist til Bergsstaðakirkju, en Blöndudalshólar og bæirnir þar
fyrir utan til Bólstaðarhlíðar». Það er nú hvorttveggja, að þjer, herra biskup, álitíð
skipun þessa hagfellda mjög og öllum henta þeim, er hlut eiga að máli, og einkum
óumflýjanlega nauðsynlega að því er kemur til hinna þriggja bæja vestan Blöndu, er
Bugsbæir nefnast, enda hafið þjer og tekið fram, að allar þessar breytingar hafi ráð-
gjörðar verið, þegar verið var að undirbúa skipun prestakalla þessara, áður en lög 27.
febr. 1880 komu út, og hafið þjer því lagt það til, að breytingar þessar yrðu staðfestar.

Fyrir þessar sakir, og samkvæmt lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880
4. gr., svo og lögum um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda dags. s. d., stað-
festi jeg hjer með:

1. Að Blöndudalshóla-
kirkja verði lögð niður, og að sjóður hennar, skrautgripir og
áhöld og andvirði sjálfs kirkjuhússins falli samkvæmt lögum 27. febr. 1880 7. gr.
til þeirra kirkna, sem Blöndudalshólasókn leggst til, og deilist þetta svo þeirra á
milli, að Bergsstaðakirkja hljóti helming, en Bólstaðarhlíðar og Svínavatnskirkjur
sinn fjórðung hvor.
2. Af bæjum þeim, er hingað til heyrðu Blöndudalshólasókn til, leggjast
 - a, til Bergsstaðakirkjusóknar: Rugludalur, Selland, Bollastaðir, Eyvindarstaðir, Ey-
vindarstaðagerði og Brandsstaðir;
 - b, til Bólstaðarhlíðarsóknar: Blöndudalshólar, Syðra-Tungukot, Finnstunga og Ytra-
Tungukot.
 - c, til Svínavatnskirkjusóknar: Þröm, Eldjárnsstaðir og Eiðsstaðir.
3. Meðan Blöndudalshóla-
kirkjugarður er við líði og endist til þess, er íbúum fyrver-
andi Blöndudalshóla-
kirkjusóknar áskilinn rjettur til grafreita í honum.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 9
framtal bænda á rektuðu landi. — Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefir 23. jan.
í erindi, sem jeg meðtók með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 16. nóvbr. f. á. látið í

9 ljósi, að nauðsynlegt myndi verða til þess að fá áreiðanlegar skýrslur um flatarmál
23. jan. ræktaðs og yrkts lands, samkvæmt fyrirmynd þeirri fyrir búnaðarskýrslu, er fylgir hreppstjórarreglugjörðinni frá 29. apríl 1880, að fela hreppstjórunum á hendur, að mæla sjálfir tún, engjar og kálgarða hjá hverjum búanda.

Þegar fyrirmynd sú, sem hjer er um að ræða, var samin, var gengið að því vísu, að flestir bændur myndu vita hjer um bil, hve stór tún sín og engjar væru, og að það þar, sem það væri ekki, myndi ekki vera miklum örðugleikum bundið, að mæla landið, eða þá að ætla á stærð þess. Í 40. grein hinnar nefndu reglugjörðar er því skipað fyrir, að bændur eigi sjálfir að gefa skýrslu um þetta atriði, eins og um annað, er þeir eiga að telja fram á vorhreppaskilum. Það er vitaskuld, að hreppstjórar verða að leiðbeina bændum til að hafa skýrslur þessar svo nákvæmar og áreiðanlegar, sem kostur er á, en hreppstjóri þarf því að eins sjálfur að skoða land bónda, fjenað o. fl., að hann hyggi skýrslu bóndans ranga, og ber þá að skýra sýslumanni frá því, sem fram kemur, svo að hann geti gjört út um, hvort ekki sje ástæða til að hefja rjettar-rannsökn um tíundarframtal hlutaðeiganda samkvæmt 6. gr. laga 12. júlí 1878.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar yfir hlutaðeiganda.

10 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um
23. jan. lóðartakmörk tómthúss. — Eptir að hafa meðtekið skýrslu sýslumannsins á Vestmannaeyjum og álit yðar, herra amtmaður, um umkvörtun Margrjetar nokkurrar Ólafsdóttur á Götum um yfirgang nábúa síns, Ólafs Magnússonar víl jeg, þar sem það sjest af skýrslu sýslumannsins, að tómthúsin á Vestmannaeyjum hafa eigi fast ákveðnar og útmældar lóðir, skora á yður, að brýna fyrir sýslumanninum, að honum sem umboðsmanni beri í hvert sinn, er hann byggir tómthús, að hlutast til um, að lóðartakmörk þess verði nákvæmlega tiltekin og skráð. Hvað sjer í lagi snertir kærna þá, er hjer liggur fyrir, getur yfirumboðsstjórnin þegar af þeirri ástæðu ekki tekið kærana til greina, að ekkert hefir komið fram um, að kærandi hafi lagaheimild fyrir lóð þeirri, sem hún þykist hafa misst.

11 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um
23. jan. leigumála á umboðsjörð. — Sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hefir, eptir beiðni leiguliðans á umboðsjörðinni Miðhúsum, Vigfúsar Einarssonar, farið þess á leit, að leigumáli sá, er hann situr við á nefndri jörðu, verði færður niður svo mikið, að hann þurfi ekki að greiða hærna eptirgjald eptir jörðina, en nefnd sú, er skipuð var til að meta afgjöld jarðanna á Vestmannaeyjum, og amtsráðið hefir álitid hæfilegt, en það gjald er 30 álnum minna en beiðandinn hefir skuldbundið sig til að greiða með byggingarbrjefi sínu, og mælið þjer, herra amtmaður, fram með þessari beiðni.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að mig vantar heimild til að lækka samkvæmt uppástungum amtsráðsins eptirgjöld þau, er tiltekin eru í eldri byggingarbrjefum. Jafnvel þó jörðin hefði verið laus úr byggingu, og nú ætti að gefa út nýtt byggingarbrjef fyrir hana, hefði ekki mátt ákveða eptirgjaldið eptir hana eingöngu eptir uppástungum amtsráðsins sjá 5. gr. b. og c. ráðgjafarbrjefs frá 25. maí 1880 (B. 89), sbr. landshöfðingjabrjef 22. júní s. á. (B. 101).